

# MONITOR



FRÍTT  
EINTAK

**TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNAD**



# Höndlarðu hitann?



**TYRKISK PEBER VOLCANO - MJÚKAR LAKKRÍSKEILUR & ELDFJÖLL**

THE ORIGINAL  
**TYRKISK PEBER**

Í þessu tölublaði koma fyrir tvær stelpur með fuglafóbíu. Leitið og þér munuð finna!

## Viljum hafa konurnar

# ÍLAGI

Fatahönnuðurinn **Mundi** leggur styrktarfélaginu **Göngum saman** lið með hönnun á stuttermabol og buffi sem selt er félaginu til styrktar

„Ég myndi segja að þessi málstaður stæði mér nærri. Gerir hann það ekki hjá öllum? Við viljum hafa konurnar okkar í lagi,“ segir fatahönnuðurinn Mundi Vondi sem ljáði styrktarfélaginu Göngum saman krafta sína þegar hann hannaði stuttermabol og buff fyrir félagið. Bolurinn fór í sölu í gær og rennur ágóði sölunnar til félagsins sem hefur það að markmiði að styrkja grunnrannsóknir á brjóstakrabbameini. „Þetta atvikaðist einfaldlega þannig að þær hjá Göngum saman höfðu samband við mig og spurðu hvort ég hefði áhuga á að taka þátt í að taka þessar vörur fyrir þær og ég sló að sjálfsgöðu til,“ segir hönnuðurinn en hann segir þetta í fyrsta sinn sem hann hantar buff. Blaðamanni lék forvitni á að vita hvaða ferli fer af stað þegar hönnuður fær svona ósk í hendurnar.

„Ég er vanur að setjast bara við teikniborðið eða tölvuna og byrja að krotta eitthvað. Í þetta skipti ímyndaði ég mér strax einhvers konar krabba og hafði náttúrulega sjúkdóminn inni í heildarsamhenginu. Útkoman varð þessi krabbi sem er á bolnum.“

Bolurinn, sem er svartur með hvítu mynstri, ætti að sögn Munda að henta konum og körlum á öllum aldri. Til að kynna bolina stóð Göngum saman fyrir skemmtilegri ljósmyndatöku þar sem þekktir einstaklingir á borð við Ara Eldjárn, Ragnheiði Ragnarsdóttur og Villa Naglbít stilltu sér upp í bolnum íóilfagra.

### Tölvuleikur draumaverkefnið

Þegar blaðamaður náði tali af Munda var hann staddur í fjölmennasta landi í heimi. „Ég er meðal annars bara að skoða hvað er í gangi hérna í Kína en er fyrst og fremst að vinna í verkefni með Ívart Emilssyni vini mínum. Við erum búnir að vera að vinna mjög lengi að tölvuleik sem er svona draumaverkefni til langs tíma litið,“ segir hann. En hvernig er að vera ungur fatahönnuður á Íslandi í dag? „Það er mjög skemmtilegt og mikið af spennandi hlutum að gerast. Markaðurinn er auðvitað lítill en hann er alltaf að stækka. Ég hef reynt að koma hönnun minni að í búðum úti í heimi og svo var ég að opna netverslun, store.mundivondi.net, og það er viss gluggi til að vekja athygli á fótunum á erlendum markaði. Í sumar biður mín síðan það að hanna nýju sumarlinuna fyrir næsta sumar og hún verður líklega sýnd einhvern tímann í lok sumars eða haust,“ segir Mundi sem sagði annars allt það fína frá Kína.



### GÖNGUM SAMAN

**Stofnað:** 13. september 2007.  
Bolirnir verða til sölu í verslun Munda á Laugavegi 37 til sunnandagsins 13. maí nk.



MUNDI VONDI ER Í RAUN MJÖG LJÚFUR GÆI

## MMM

### MONITOR MÆLIR MEÐ...

#### FYRIR TÓNLISTARUNNENDUR

Heimasíðan Geðveikt.com hefur að undanförmu staðið fyrir skemmtilegri áskorun til Sinfóníuhljóm-sveitar Íslands. Heimasíðan skorar á hljómsveitina að halda sinfóníutónleika þar sem lög úr frægustu tölvuleikjum síðari ára á borð við Super Mario, Zelda og Tetris væru á efnisskrá. Hægt er að leggja hugmyndinni lið með því fara inn á heimasíðuna og „læka“ færslu þess efnis. Monitor hvetur lesendur til að gera svo enda sniðug hugmynd hér á ferð.



#### FYRIR FATAFRÍK

Á laugardaginn næstkomandi fer fram trylltur sumarmarkaður í húsnæði FÍL á Lindargötu 6, bak við Þjóðleikhúsið milli kl. 12 og 18. Fyrir markaðnum stendur leikkonan Elma Lisa ásamt nokkrum vinkonum og til sölu verður alls kyns fatnaður frá merkjum eins og Aftur, E-label, Paul and Joe, Royal Extreme ásamt „vintage“ gullmolum. Heitt verður á könnunni en einungis er tekið við reiðuféi. Veðurspá laugardagsins er góð og því er tilvalið að gera sér ferð niður í bæ og líta við.

## Vikan á facebook



**Aron Pálmarsson**  
5 leikir eftir af seasoninu, nei bara svona... BALLIN!!!  
2. maí kl. 9:34



**Haukur Heiðar Hauksson**  
Trúi ekki að þátturinn Hraðfréttir á Mbl. is sé hættur!

Langbesta íslenska grínið í langan tíma! Friðrik Dór, geturðu ekki sagt þessum vinum þínum að drullast til að gera einhvern sjónvarpsþátt eða eitthvað?  
1. maí kl. 23:44



**David Sigurgeirsson**  
Stuttu eftir að við fluttum til Noregs ákváðum við að taka mataræðið í gegn, búinn að missa 12 kíló núna á rúmum 2 mánuðum.  
1. maí kl. 1:04



**Greta Salóme**  
the Finnish Eurovision song is my absolute favorite this year! And the performance is just beautiful... hands down my favorite! #qualitymusic  
30. apríl kl. 13:58



**Daniel Óliver**  
Daniel is putting up curtains and other necessary stuff in the apartment.. Lucky that my bf is a carpenter! I just sit here and drink champagne ;) hahaha — with Daniel Nyback.  
30. apríl kl. 13:17

## FEITAST Í BLAÐINU

**6** Monitor fékk sendar skemmtilegar myndir frá **di-missio** í hinum ýmsu skólum.



**8** Komid er að úrslitum í **Hæfileika-keppni Íslands**. **Bubbi Morthens** verður dómari.



**11** Þórunn Antónía var skilin eftir á bensínstöð í náttkjól einum klædda.



**16** **Bon Iver** er mögnuð hljómsveit sem treður upp á Hróarskeldu í júlímánuði.



## Efst í huga Monitor

# Skólalok og ný ævintýri

Facebook logar núna af stöðuuppfærslum þar sem fólk

segir frá prófatörn, próflokum eða síðasta tímanum sínum í skólanum. Margir nemendanna eru að klára sinn skóla fyrir fullt og allt og fyllast blendnum tilfinningum. Þessi ár eru auðvitað gullkista minninga og eiga gríðarstóran þátt í því að móta fólk sem manneskjur. Vinabönd myndast og oft á tíðum nær ástin að skjóta rótum.

En ef það eru einhverjir sem örventa yfir þessum kaflaskilum þá skal það tekið skýrt fram að slíkt er óþarfi því tækifærin leynast undir hverjum steini en í sumum tilvikum þarf einfaldlega að velta steinunum við.



Þeir sem hafa ekki áhuga á því að hafa áhyggjur af framtíðinni alveg í brád ættu að geta gleymt sér í núinu í sumar. Nóg af alls kyns skemmtunum er í boði og ef litið er einvörðungu á tónlistaruppákomur þá verður tónlistarveisla á hverju landshorni og eins í hinum ýmsu heimsálfum.

Í Monitor í dag kynnum við fyrstu hljómsveitina af mörgum sem troða upp á Hróarskeldu. Vil ég biðja alla þá sem dreymir um að fara á Hróarskeldu að hafa vökul augu á næstu vikum þegar Monitor er flett því við innan skamms förum við af stað með svakalegan leik þar sem er gott að vera vel að sér í Hróarskeldu Monitorfræðum.

Annars bið ég ykkur vel að lifa, Jón Ragnar

MONITOR@MONITOR.IS Ritstjóri: Jón Ragnar Jónsson (jonragnar@monitor.is) Framleiðslustjóri: Hilmar Gunnarsson (hilmar@monitor.is) Blaðamenn: Einar Lövdahl Gunnlaugsson (einar@monitor.is) Þórhildur Þorkelsdóttir (thorhildur@monitor.is) Umbrot: Monitorstaðir Auglýsingadeild Árvakurs (augl@mbl.is) Forsíða: Styrmir Kári (styrmirkari@mbl.is) Myndvinnsla: Ingólfur Guðmundsson Útgefandi: Árvakur Prentun: Landsprent Sími: 569 1136

# SVEPPI ER KÓNGURINN

Brjánn Breki hefur slegið í gegn í þáttum **Audda Blö** á FM957 og í síðustu viku fengum við lesendur **Monitor** til að senda spurningar á kappann sem hann svaraði umsvifalaust með glöðu geði.

**Við hvað starfar þú og hvað gerir þú á daginn?**

Ég er að fara byrja með smá ferðamennsku-shit. Þar held ég að seðlarnir séu. Þarf bara að fá einhverja good shit hugmynd hvernig ég ætla að ná í monni af útlendingum.

**Er einhver meiri meistari en Sveppi?**

Ónei og hann verður eiginlega bara meiri og meiri meistari. Ég er með sér símaskrá í símanum mínum fyrir þá sem ég kalla mikla meistara. Sveppi er bara kóngurinn.

**Hvernig gellur filar þú?**

Fyrst og fremst gellur með stórar júlur. Annað skiptir ekki máli. Þær verða að fila húmorinn minn líka.

**Hefur þú reynt við konu sem hefur ekki viljað þig?**

Ónei! Það væri samt fyndið ef það myndi gerast. Ég kann að tala við gellur og segja þeim það sem þær vilja heyra.

**Hvað finnst þér vera besta lag allra tíma?**

Það er Because I got high með Afróman. Prófiði að hlusta á textann. Það er líklega besti texti allra tíma. Það gæti verið að ég og Sveppi komum með íslenska útgáfu af þessu lagi. Og í þeirri útgáfu heitir lagið „því ég var skakkur“.

**Ferðu mikið í ræktina og ef já, hvar æfir þú?**

Já og ég fer mikið líka á bókasafn og listasöfn. Einmitt!!!! Líklegt dagsins!!! Ég eyði ekki tímanum mínum í það að hlaupa á bretti eða lyfta einhverju drasli! Frekar myndi ég horfa á hund kúka en að fara í ræktina.

**Hver finnst þér myndastur í útlöndum?**

Sinbad er langmyndastur. Hann gerði mynd sem heitir House Arrest fyrir nokkrum árum. Grenja úr hlátri þegar ég sé hana. Svo finnst mér Borat mjög góður.

**Nú fékkst þú verðlaun sem besta Borat-eftirherma heims í Ohio í Bandaríkjunum á dögunum. Var það ekki mikill heiður?**

Jú það var drullunett. Þegar ég fékk verðlaunin fór ég upp á svið og átti að halda ræðu. Þá sagði ég bara tvö orð „I læææææk“ og það grenjuðu allir úr hlátri.

**Hvenær áttaðir þú þig á því að þú værir frábær Borat-eftirherma?**

Eftir að ég fór á Borat-myndina í bíó. Ég byrjaði strax að herma eftir honum og það grenjuðu alltaf allir úr hlátri. En ég var samt ekki svona góður og ég er í dag strax.

**Hvernig gúmmí kaupir þú á magic-stickið?**

Ég nota ekki þannig. Finnst það ömurleg hugmynd. Það er svona eins og að fara á strönd í kraftgalla. Gjörsamlega hundleiðinlegt.

**Frændi minn lenti í því að magic-stickið hans fór ekki upp. Hefur þú lent í slíku?**


HAHAHAHAHA NEIIIIII!!!! Held að frændi þinn sé mesti auli sem ég hef heyrt um!!!! Og svo á ég orðið magic-stick þannig að segðu frænda þínum að hætta að nota það orð!!!!!!

**Heldur þú með einhverju liði í fótbolta?**

Hmmm fótbolti! 22 gæjar í stuttbuxum, einn gæi í svörtum búning með flautu og tveir aðrir í svörtum göllum með eitthvað prik á hliðarlínunni. Hvaða rugl er eiginlega í gangi þar? Hafa þessir þvagheilar ekkert betra við tímenn að gera?!

**Hvað gerir þú þér til skemmtunar?**

Ég fer alltaf á Bíladaga á Akureyri. Þar koma saman allir meistara á landinu og heitustu gellurnar.



MENN TALA UM BRJÁNN BREKA SEM HVALREKA



Ég veit að ég er ekki hlutlaus en Sveppi gæti orðið geðveikur forseti.



AUDDI HEFUR LYFT BRJÁNNI BREKA Í HÆSTU HÆÐIR

**Ætlar þú á þjóðhátíð?**  
Það væri drullunett en ég á ekkert monni. Sem er mjög pirrandi.

**Hvern myndir þú vilja sjá sem forseta?**

Allaveganna einhvern sem er ekki ælulykt af! Ég veit að ég er ekki hlutlaus en ég held að Sveppi gæti orðið geðveikur forseti. Hann er mjög grillaður náungi og það væri mjög nett ef hann væri forseti.



**Hver er besti íslenski rapparinn?**

Frekar horfi ég á hund kúka en að hlusta á rapp. En annars er BlazRokka nettur gaur.

Hann fattaði upp á að chilla með pizzu í annarri og hamburgara í hinn. Það er mjög nett og ég hef notað það í mínu gríni.

**Uppáhaldsbíómyndin þín og af hverju?**

American Pie nýjasta og elsta. Eina ástæðan er Stifler. Mér finnst hann vera kóngurinn í þessum myndum.

**Hvernig finnst þér það að fá ekki að vera með Sveppa úti í Evrópu (Evrópski draumurinn)?**  
Sveppi varð brjáláður og ég líka þegar það var ákveðið af einhverjum fávítum að ég færi ekki með.



**Þú ert mikið fyrir að búa til ákveðna frasa, getur þú komið með einn splunkunýjan frasa fyrir Íslendinga?**

Já, ég fattaði upp á einum um daginn. Þá segi ég „í álverinu“ í staðinn fyrir „í alvörunni“. T.d. ef vinur þinn segir við þig „ég var að byrja með nýrri gellu“, þá segir þú „í álverinu“ í staðinn fyrir „í alvörunni?“. Þetta er drullunett og það grenja alltaf allir úr hlátri.



**Hvernig kynntist þú Audda Blö? Það er að segja, hvernig stendur á því að hann sé alltaf að hringja í þig í þáttunum?**

Hann er frá útá landi eins og frændi minn. Og hann sagði honum frá því að ég væri nettur grínari.

**Hvað varstu gamall og hvernig misstir þú sveindóminn?**

Ég var 23 ára. Heima hjá frænda mínum! En samt ekki með frænda mínum hahahahaha heldur með heitri gellu með flottar blöðrur!!!!

**Hversu oft ertu á Adamsklæðunum?**

Fer ekki í jakkaföt og á ekki jakkaföt.

**Ætlar þú að fara eitthvað til útlanda í sumar?**

Mig dauðlangar að fara til Spánar og detta í það með gellum og þremur frændum mínum. En ég á bara ekkert monni sem er óþolandi. En kannski að Sveppi geti reddað mér smá monni.



**Ef þú ættir að gera eigin sjónvarpsþátt, hvernig myndir þú hafa hann?**

Þá frægt fólk til að drekka ógeðisdrykk, vekja frægt fólk og sýna flotta bíla sem heitar gellur sitja í.

**Ef þú mættir fara í hádegismat með einhverjum þremur úr mannkynssögunni, hvaða einstaklingar yrðu fyrir valinu?**

Sveppi, Donald Trump og gæinn sem leikur Stifler í American Pie. Það er aðeins af mikill meistari.

**Hvað ertu að fá í tekjur á mánuði af uppistandi?**

Ég tek 6 þúsund kall á kvöldið í cash!

30%  
afsláttur

af 50 ml ilmum og 150 ml húðmjólk.

Útsölustaðir: Hagkaup, Debenhams, Lyfja,  
Lyf & heilsa, önnur apótek og snyrtivöruverslanir.

NAOMI  
CAMPBELL

*Christina*  
*Aguilera*

AVRIL  
LAVIGNE



KOKKURINN AÐ TAKA ÚT  
PIPARKÖKUR ÚR OFNINUM



ÞESSAR DRUKKU BOLLU  
ÚR OFURSKÁL



SJÁ ÞETTA PAKK, MAN



SÚPERMAN VIRDIST HAFA  
TEKIÐ BEKINN Í VETUR

# Nokkur dimme- terabæt af fjöri

**Lokaársframhaldsskólanemar** Kvennó, MR og MS sendu **Monitor** nokkrar skemmtilegar myndir frá dimmisjón sinni í síðustu viku



ÞAU VORU GUL OG  
GLÖÐ Í KVENNÓ



ÞESSIR VORU FANGAR  
GLEÐINNAR ÞENNAN DAG



ÞESSI MÁTTU EKKI SEGJA  
ORD ALLAN DAGINN

## Allt það góða sem lífið hefur upp á að bjóða!

ÚTIVISTARSFRÍKJÓÐ



UNGLINGURINN



SNJALLSÍMI  
2011  
ÁRSINS



SNILLINGURINN



MARGRÉT LILJA NÆR SAMBANDI VID BJARKA Í GEGNUM ÞRÍÐJA AÐILA



BÖRN OG AÐRIR MINNA ÞROSKAÐIR MENN



GEIMVERURNAR ÚR TOY STORY GERÐU ALLT VITLAUST Í BÆNUM



ÞESSI STÖÐU KYRR ALLAN DAGINN



VIÐ ERUM SVARTIR, VIÐ ERUM HVÍTIR ENGINN GETUR STÖÐVAÐ OSS!

**SAMSUNG**

*Listamaðurinn*

Samsung GALAXY Note

Samsung GALAXY W

Samsung GALAXY Ace

*Stilistinn*

TÓNLIST

**TÓNLISTARMADURINN**

Símar fyrir alla frá Samsung. Söluaðilar um land allt

# HÆFILEG SPENNA í Hæfileikakeppni

**Hæfileikakeppni Íslands** tekur enda annað kvöld þegar 18 keppendur stíga á svið í úrslitaþættinum en úrslitavaldið er í höndum þeirra sem horfa.

Fleiri hundruð myndbönd voru send inn á mbl. ís þegar Hæfileikakeppni Íslands hófst fyrr í vor. Af þeim voru um 80 atriði sem komust áfram í undanúrslitaþættina. Nú er aftur á móti úrslitastundin runnin upp og annað kvöld munu 18 keppendur keppast um að heilla dómnefndina og íslensku þjóðina því það er jú í höndum þjóðarinnar að velja sigurvegarann.

Monitor heyrði í keppendum og voru flestir búnir að eyða miklum tíma í æfingar og margir hverjir ætla að breyta atriði sínu í úrslitaþættinum. Sjálfur Bubbi Morthens mun svo taka þátt í þessum síðasta þætti en hann verður í hlutverki gestadómara. „Ég er rosalega spennur, ég er að brýna hnífana,“ sagði Bubbi kátur þegar Monitor náði tali af honum. „Ég hef reynt af því að tjá mig um sönginn en ég veit að ég mun líka geta tjáð mig um töfrabrogðin, dansatriðin og allt hitt og ef ekki þá bara bulla ég mig í gegnum það,“ bætti Bubbi við og skellti upp úr. Bubbi sat sem kunnugt er í dómarasætinu í Idol stjörnuleit á sínum tíma og segist hann sakna þeirra ára. „Ég er búinn að vera hér í einmana eyðimerkurgöngu þar sem ég blæs í lúðra og heimta Idol-ið. Þetta er svo skemmtilegt fjölskylduefni og kjörin vettvangur fyrir ungt hæfileikafólk að láta ljós sitt skína. Þess vegna fagna ég keppni eins og Hæfileikakeppni Íslands,“ sagði Bubbi að lokum. Þrátt fyrir að Bubbi hafi oft á tíðum verið harður í Idolinu eru Hæfileikakeppendur ekkert smeykir við hann eins og sjá má hér að neðan.



SVONA ÆTLAR BUBBI  
AÐ VERA Á FÖSTUDAGINN




## ARON HANNES OG SILVÍA RÚN

15 og 29 ára frá Grundarfirði

**Hvað á að gera við milljónina?** Við ætlum að kaupa bíl handa ömmu og afa því að bílnum þeirra var stolið. Þetta er svona amerískur flingur.

**Hvernig listi ykkur á Bubba sem gestadómara?** Við erum ekki hrædd við Bubba. Hann er líka búinn að lofa að vera mjög „næs gæ.“

**Hverju hefur þátttaka ykkar í keppninni breytt fyrir ykkur?** Við höfum farið í einhver afmæli og svo er bara endast af einhverju fólki að adda manni á Facebook.



## JÓN STEFÁN FRÍÐRIKSSON

18 ára frá Reykjanesbæ

**Hvað á að gera við milljónina?** Kaupa mér kort í massa, ég ætla sum sé að kaupa mér líkamsræktarkort og halda áfram að buffa mig upp.

**Hvað finnst þér um að Bubbi verði gestadómari?** Mér finnst það fint. Hann er finn sem dómari.

**Hverju hefur þátttaka þín í keppninni breytt fyrir þig?** Hún hefur gefið mér fleiri tækifæri í tónlistinni. Eftirspurnin hefur aukist og ég er farinn að leggja meiri metnað í þetta allt saman.



## AREA OF STYLEZ

16-27 ára frá Reykjavík

**Hvað á að gera við milljónina?** Við viljum helst opna okkar eigin dansskóla og hjálpa þeim sem eiga lítinn pening að geta dansað.

**Hvernig listi ykkur á Bubba sem gestadómara?** Það er fint fyrir þau sem eru að syngja en það er spurning með okkur sem erum að dansa.

**Hverju hefur þátttaka ykkar í keppninni breytt fyrir ykkur?** Við höfum fengið smá athygli. Við fengum mikla athygli eftir Dans dans dans og hún hefur aukist eftir Hæfileikakeppnina, svo þetta er allt að koma hjá okkur.



## SÖNGHÓPURINN AÐ EILÍFU EINAR

15-16 ára úr Reykjavík

**Hvað á að gera við milljónina?** Ég held að við ætlum langflestar að versla fót. Sú elsta ætlar reyndar að borga bílprófið sitt.

**Hvernig listi ykkur á Bubba sem gestadómara?** Mér list mjög vel á það. Ég held að hann hafi góða punkta og geti bent okkur á hvað megi betur fara.

**Hverju hefur þátttaka ykkar í keppninni breytt fyrir ykkur?** Þetta er mjög góð reynsla í sviðsframkomu og hvetur okkur til að æfa okkur. Við höfum líka spilað í Smáralindinni og úti á landi.



## EINAR EINSTAKI

Einar Aron Fjalarsson

16 ára úr Mosfellsbæ

**Hvað á að gera við milljónina?** Eitthvað skemmtilegt með fjölskyldunni og kærustunni. Svo stefni ég á að fara í heimsmeistarakeppnina í töfrabrogðum sem verður haldin í Blackpool í júlí.

**Hvað finnst þér um að Bubbi verði gestadómari?** Ég ætla að heilla hann upp úr skónum eins og alla aðra.

**Hverju hefur þátttaka þín í keppninni breytt fyrir þig?** Ég hef fengið mun fleiri aðdáendur á síðunni minni á Facebook og fengið fleiri verkefni.



## STEFÁN JÓHANN SIGURÐSSON

24 ára úr Reykjavík

**Hvað á að gera við milljónina?** Ég ætla að heimsækja vinkonu mína í útlöndum og leggja fyrir framhaldsnámi.

**Hvað finnst þér um að Bubbi verði gestadómari?** Mér list mjög vel á það. Ég held að hann sé hress og eigi eftir að standa sig vel í þessu eins og öllu sem hann gerir.

**Hverju hefur þátttaka þín í keppninni breytt fyrir þig?** Fólk heilsar mér stundum úti á götu og það er mjög skemmtilegt.





## VILBORG KRISTÍN ÞRASTARDÓTTIR

**17 ára úr Reykjavík**

**Hvað á að gera við milljónina?** Ég ætla að fá mér bílpróf. Ég á ekki efni á því að læra á bíl núna svo það væri fint að fá þessa milljón.  
**Hvað finnst þér um að Bubbi verði gestadómari?** Mér finnst það mjög skemmtilegt. Ég er ekkert hrædd við hann enda vona ég að hann verði bara góður.  
**Hverju hefur þátttaka þín í keppninni breytt fyrir þig?** Ég hef meira sjálföruggi en ég er ekkert ný manneskja.



## DANSHÓPURINN MÁS

Margrét Mist, Ástrós og Sara Dís

**15 ára frá Reykjavík**

**Hvað á að gera við milljónina?** Við værum til í að fara allar saman í danssumarbúðir í útlöndum. Það væri gaman að fara í sænsku balletakademiuna eða fara til London í dansferð.  
**Hvernig lísti ykkur á Bubba sem gestadómara?** Við erum spenntar fyrir því. Ég veit ekki hvað hann veit um dans en það kemur í ljós.  
**Hverju hefur þátttaka þín í keppninni breytt fyrir þig?** Við höfum kannski minni tíma fyrir skólann en annars hefur lítið breyst.



## KRISTINN GAUTI GUNNARSSON

**17 ára frá Akranesi**

**Hvað á að gera við milljónina?** Ég myndi leggja hana inn á banka eða kaupa eitthvað flott.  
**Hvað finnst þér um að Bubbi verði gestadómari?** Það er bara frábært. Hann er algjör meistari. Ég veit ekki hvað hann veit um töfrabrogð en það gæti verið leyndur hæfileiki hjá honum.  
**Hverju hefur þátttaka þín í keppninni breytt fyrir þig?** Þetta hefur verið skemmtileg lífsreynsla og það er gaman að prófa þetta.



## KRISTÍN HARPA

**15 ára frá Ísafirði**

**Hvað á að gera við milljónina?** Ég myndi örugglega fara til New York eða kaupa mér flygil.  
**Hvað finnst þér um að Bubbi verði gestadómari?** Það er bara frábært. Ég er ekkert hrædd við hann.  
**Hverju hefur þátttaka þín í keppninni breytt fyrir þig?** Mjög miklu. Fólk er farið að taka eftir mér og fólk hefur áhuga á að fá mig til að koma fram.



## HRAFNHILDUR MAGNEA

**14 ára úr Reykjavík**

**Hvað á að gera við milljónina?** Ég myndi örugglega fara til útlanda og kaupa mér hljóðfæri. Svo myndi ég örugglega gefa eitthvað í hjálparstarf.  
**Hvað finnst þér um að Bubbi verði gestadómari?** Mjög vel. Ég held að það sé fint að fá álit frá honum.  
**Hverju hefur þátttaka þín í keppninni breytt fyrir þig?** Ég verð reynslunni ríkari og svo veit ég hvernig allt virkar á bak við tjöldin.



## ELVAR KRISTINN OG SARA LIND

**10 ára frá Kópavogi og Reykjavík**

**Hvað á að gera við milljónina?** Nota hana í keppnisferðir til útlanda eða kaupa heitan pott.  
**Hvernig lísti ykkur á Bubba sem gestadómara?** Okkur list voðalega vel á það en ég held að hann viti ekki neitt um dans. Hann getur kannski hjálpað okkur í lagavalinu.  
**Hverju hefur þátttaka ykkar í keppninni breytt fyrir ykkur?** Engu. Við höldum áfram að æfa okkur og erum að æfa fjórum sinnum í viku.



## TVEIR KASSAR

Fróði Ploder og Kristján Klausen  
**20 og 21 árs úr Reykjavík**

**Hvað á að gera við milljónina?** Kaupa hljóðfæri og kófunargræjur. Kannski við spilum tónlist í kafi.  
**Hvernig lísti ykkur á Bubba sem gestadómara?** Er það ekki bara drullu gott? Af hverju ættum við að vera hræddir við Bubba.  
**Hverju hefur þátttaka þín í keppninni breytt fyrir þig?** Vonandi engu. Við erum sáttr við lífið eins og það er.



## SÖNGHÓPURINN MR. NORRINGTON

**14-15 ára úr Reykjavík**

**Hvað á að gera við milljónina?** Við ætlum að gefa eitthvað í góðgerðarmál og bjóða svo Sigurði Sævar, vini okkar, út að borða. Hann er snillingur.  
**Hvernig lísti ykkur á Bubba sem gestadómara?** Er það ekki bara fint? Ég vona að hann geti komið með góða punkta, hann þekkir þetta alla vega vel.  
**Hverju hefur þátttakan í keppninni breytt?** Við erum farnir að æfa okkur mikið meira saman. Við gerðum það ekki fyrr en Bjarni skræði okkur án þess að við vissum en það er bara gott mál.



## EYÞÓR ÓLAFSSON

**11 ára úr Reykjavík**

**Hvað á að gera við milljónina?** Ég myndi vilja fara á Anfield með pabba og kaupa mér iPad.  
**Hvað finnst þér um að Bubbi verði gestadómari?** Mér list vel á það. Ég veit ekki hvað hann veit mikið um fótbolta.  
**Hverju hefur þátttaka þín í keppninni breytt fyrir þig?** Alveg einhverju. Krakkarnir í skólanum eru mjög ánægðir með þetta.



## DANSHÓPURINN SWAGGERIFIC

**16-23 ára úr Reykjavík og Kópavogi**

**Hvað á að gera við milljónina?** Við ætlum til útlanda og æfa okkur meira, fara í dansskóla. New York og Los Angeles eru mest spennandi staðirnir.  
**Hvernig lísti ykkur á Bubba sem gestadómara?** Við vitum ekki hvort hann fli dupstep en við erum með húmor í dansinum og svona þannig að þetta ætti allt að fara vel.  
**Hverju hefur þátttakan í keppninni breytt?** Við gefum alltaf 110% og reynum alltaf að bæta okkur til að undirbúa okkur fyrir næsta verkefni.



## PALLI JÓJÓ

Páll Valdimar Guðmundsson Korka  
**20 ára frá Hafnarfirði**

**Hvað á að gera við milljónina?** Ég veit það bara ekki. Ég myndi örugglega reyna að ferðast eitthvað.  
**Hvað finnst þér um að Bubbi verði gestadómari?** Það er fint að fá svona harðjaxl í þetta. Mér list vel á að fá hann í dómarasætið.  
**Hverju hefur þátttaka þín í keppninni breytt fyrir þig?** Fólk sem maður rekst á úti á götu gefur sig á tal við mig. En annars hefur þátttakan lítið breytt mér.



## KATRÍN ÓSK

**14 ára úr Hafnarfirði**


**Hvað á að gera við milljónina?** Kaupa mér Taylor-gítar og fara til útlanda  
**Hvað finnst þér um að Bubbi verði gestadómari?** Geðveikt vel. Hann er góður og hefur eflaust eitthvað fróðlegt að segja.  
**Hverju hefur þátttaka þín í keppninni breytt fyrir þig?** Já, mjög miklu. Litlir krakkar spyrja mig hvort ég sé fræg og ég er orðin smá fyrirmynd hjá þeim og sum spyrja mig „viltu kenna mér á gítar.“ Fólk tekur meira eftir mér.




# ÚRSLITAÞÁTTURINN Í BEINNI Á FÖSTUDAGSKVÖLDIÐ KL. 21 Á SKJÁEINUM!

HVER FER HEIM MEÐ MILLJÓN?  
ÞJÓÐIN VELUR BESTA ATRIÐIÐ Í SÍMAKOSNINGU



 #hkeppni / HTC One V snjallsími frá Vodafone í verðlaun fyrir besta tístið

 Hlustaðu á K 100,5 og þú gætir unnið miða á úrslitakvöldið

 Segðu þína skoðun á Facebooksíðu þáttarins

Hringdu núna í síma **595 6000**  
eða smelltu þér á **skjareinn.is**  
og við opnum strax.



SKJÁREINN

**mbl.is**



**Cheerios**

# Lífið of stutt fyrir spéhræðslu

**Pórunn Antonía** er í dag óhræddari við að vera poppuð heldur en hún var þegar hún var yngri en af þakkar það pent að vera kölluð dúlla. Hún ræddi við **Monitor** um spandex-galla, tónlistarbransaárin í London og framtíð sína í sjónvarpinu.





## Síðasta sem ég...

**Síðasta borg sem ég heimsótti fyrir utan landsteinana:** Ég fór til Kaupmannahafnar með Týndu kynslóðinni þar sem við tókum upp þátt. Það var mjög skemmtilegt, við tókum meðal annars upp innslag þar sem fiskar voru látnir borða dautt skinn af fótunum okkar.



**Síðasti veitingastaður sem ég borðaði á:** Það var á Sushi Samba þar sem ég fékk mér helling af sushi. Þeir eru með syndsamlega gott djúpsteikt sushi.



**Síðasta bíómynd sem ég horfði á:** Ég fór á Hunger Games í bíó um daginn. Hún var fin, eftir myndina horfði ég á American Idol og það var svolítið súrrealískt að hugsa um þetta tvennt í sama samhengi. Þetta er brútal heimur.



**Síðasta flik sem ég keypti:** Buxurnar sem ég er í í dag. Ég keypti þær í Dúkkuhúsinu og mér finnst þær voða finar og sumarlegar.



**Síðasta húsvverk sem ég innti af hendi:** Ég er lítið fyrir húsverk og finnst þau ekki skemmtileg. Það síðasta sem ég gerði var að vaska upp í fyrradag.



**Síðasta skipti sem ég sagði einhverjum að mér þætti vænt um hann:** Í gærkvöldi sagði ég við vinkonu mína að mér þætti vænt um hana. Maður á að vera duglegur að segja fólki að manni þyki vænt um það.



**Þú ert ekkert spéhædd?**

Ég er bara komin yfir það, lífið er alltof stutt til að vera að pæla í hvort maður sé með fellingu þarna eða líti ekki nógu vel út í þessu skoti. Þetta er bara eins og að fara í sund. Ég er bara venjuleg stelpa, ég er ekki með sílikonbrjóst og svona lít ég bara út. Ég hef aldrei verið að pósa á einhverjum myndum og reyna að vera eitthvað öfgasexí, þetta hefur aldrei farið á það svæði. Ég er komin á þann stað að ég er sátt við sjálfa mig og er ófeimin en ég er alls ekki fullkomin. Það er ekki þannig að mér finnst ég eitthvað gullfalleg eða æðisleg, ég er bara eins og ég er og er búin að læra að meðtaka það. Steindi og Nilli í Týndu kynslóðinni hafa birst jafnoft fáklæddir í sjónvarpi og ég en það er ekkert tiltökumál, af hverju má stelpa þá ekki vera á bikini? Auðvitað leið mér ekkert endilega vel í innslaginu í Týndu kynslóðinni þar sem ég var í fitness-bolnum með fitness-stelpunni, en mér fannst bara fyndið að vera að sýna muninn á svona fitness-drottningu annars vegar og hins vegar stelpu sem fer helst ekki inn í ræktarsal.

**Hvernig heldur þú þér í formi?**

Ég stunda aðallega sund og jóga og reyni að borða eins hollt og ég get. Ég borða alveg nammi, borða pítsu og drekk áfengi en ég gæti hófs í því sem ég geri og það er það sem skiptir máli. Það er betra að leyfa sér frekar en að vera alltaf í einhverju svelti, ég nenni aldrei að vera í átaki.

**Þú ert þó hvergi af baki dottin í tónlistinni enda er ný plata væntanleg frá þér í byrjun júní. Platan er unnin í sameiningu við Berndsen. Hvernig vildi það til?**

Ég var búin að semja og taka upp demó af efni fyrir plötu sem var dálítið akústískt þjóðlagarokk með strengjum og kannski dálítið þjóðlagarokk. Útkoman varð hins vegar frekar þunglyndisleg enda samin þegar sem mér leið ekki nógu vel í London. Ég kom heim til að taka hana upp og þá hugsaði ég: „Nenni ég að mála upp þessa mynd af mér að ég sé þessi þunglyndistýpa?“. Ég var ekki í stuði fyrir að spila þetta fyrir fólk. Þessi plata fór í geymslu og ég endaði bara á að taka upp símann og hringja í partípinann Berndsen og spurði hann hvort hann vildi gera popptónlist með mér. Ég þekkti hann ekki neitt fyrir, ég hafði bara heyrt tónlistina hans og mér fannst svo áberandi hvað það er mikil gleði í tónlistinni hans og síðan hefur komið á daginn að við vinnum mjög vel saman.

**Þetta efni er ansi ólíkt til dæmis laginu Play Me, sem naut þónokkurra vinsælda. Er nýja efnið beinna frá þínu hjarta heldur en það eða hefur þú breyst svona mikið sem tónlistarmaður?**

Þetta stendur mér bæði jafnnærri en þetta snýst meira um að ég hef áhuga á alls konar tónlist og það er bara mjög mikilvægt sem tónlistarmaður að festast ekki í sama fari. Mér finnst mjög skemmtilegt að með árunum hef ég orðið óhrædd við að vera poppaðri. Þegar maður er yngri er maður alltaf svo upptekinn af því að það þyki ekki nógu töff. Þegar ég var sextán ára vildi svo til að plötufyrirtækið hennar Britney Spears hafði áhuga á mér og vildi gera mig að einhverri poppstjörnu. Ég endaði á að afþakka það því ég hugsaði með mér að það væri ekki séns að ég ætlaði að vera á sexí bikini á einhverri strönd í einhverju tónlistarmyndbandi og selja mig þannig. Ég er mjög ánægð með að ég hafi brugðist þannig við vegna þess að í dag hef ég þroskann og styrkinn til að vera sexí ef ég vil vera sexí og vera klár ef ég vil vera klár og kynna mig vel sem tónlistarmann. Þegar maður er sextán ára gamall þá hefur maður ekki þroskann í það. Núna fer ég

í sexí fót ef ég vil, þarna hefði ég verið að gera það fyrir einhverja skítuga gamla kalla til að selja tónlistina. Þetta hef ég lært með tímanum, að vera óhrædd við að vera „mainstream“ og í því felst ákveðinn þroski.

**Í myndbandi lagsins Too Late klædist þú spandex-samfestingi ásamt því að tónlistin þín er eitís-skotin. Ert þú uppi á röngum áratug?**

Nei nei, ætli ég sé ekki bara aðeins að kinka kolla til Kate Bush og þessara skvísa sem ég lít mjög upp til og voru einmitt í þessum klæðum og þessari stemningu. Tíska fer auðvitað í hringi og ég hef alltaf verið hrifin af spandex-

Ég hef aldrei verið að pósa á einhverjum myndum og reyna að vera eitthvað öfgasexí, þetta hefur aldrei farið á það svæði. Ég er komin á þann stað að ég er sátt við sjálfa mig og er ófeimin en ég er alls ekki fullkomin.

göllum, ég átti til dæmis einn svoleiðis þegar ég var í Fields. Ástæðan fyrir spandex-gallanum í þessu tiltekna myndbandi var sú að hann hentaði vel fyrir kvikmyndatökuna. Myndbandið var tekið með „green screen-tækni“ úti á palli heima hjá okkur Bent og hann sagði mér að ég yrði að klæðast einhverju þröngu hvítu og þröngu svörtu svo það væri sem auðveldast að klippa útlínurnar í kringum mig. Þá hugsaði ég auðvitað strax til spandex-galla og skellti mér inn á ebay.com og pantaði mér tvo galla. Ég er ekki að sýna einhverja brjóstaskoru eða hold í myndbandinu, þetta er bara þröngt. Mér finnst það ekkert tiltökumál þannig séð.

**Ert þú þinn eigin stílisti, til dæmis þegar þú stígur á svið sem tónlistarmaður eða kemur fram í sjónvarpi?**

Já, ég er það en ég ráðfæri mig auðvitað oft við vinkonur og svona. Ég á í rauninni engin „venjuleg fót“. Þegar ég kaupir mér fót þá hugsa ég alltaf strax út í hvort ég geti notað þetta á sviði. Fataskápurinn minn er troðfullur af einhverjum pallfettum, fjöðrum og spandex-göllum (hlær).

**Nú hefur þú tekið þátt í bresku tónlistarsenuinni sem og þeirri íslensku. Hvað finnst þér um það sem er að gerast í íslenski tónlist um þessar mundir?**

Mér finnst ótrúlega margt skemmtilegt í gangi. Ég elska Retro Stefson og Sykur og þessar ungu og hressu sveitir. Að sama skapi finnst mér Gísli Pálmi fánlega skemmtilegur. Ég fíla allt sem er dálítið öfgaríkt. Mér finnst jafnvel vanta meira af því að fólk þori að vera dálítið „in your face“ í staðinn fyrir að leggja alltaf upp úr því að vera dúllur. Sumt fólk er það bara og það er allt í lagi en það fer óheyrilega í taugarnar á mér þegar fólk setur upp eitthvað dúlluleikrit. Ég er að minnsta kosti ekki dúlla og afþakka krúttstimpilinn pent.

**Það er nóg framundan hjá þér í sumar með plötuútgáfu og kynningarstarfsemi á henni í kjölfarið. Hvar sérd þú hins vegar þig eftir áratug?**

Ég vil bara vera ótrúlega hress og eiga fleiri skemmtilegar sögur í reynslubankanum. Ég verð vonandi bara enn að lifa lífinu lifandi og búin að gera meira af því sem mér finnst skemmtilegt að gera, vinna að tónlist, sjónvarpsþáttargerð og leiklist. Annars finnst mér skemmtilegast að spila bara eftir eyranu og vona að næstu tíu ár geymi nóg af skemmtilegum óvæntum upþakomum.



WRIGLEY'S  
**Extra**



# TYGGÐU EXTRA

## EFTIR HVERJA MÁLTÍÐ



Rannsóknir sýna að notkun sykurlausss **Extra** eykur munnvatnsframleiðslu, jafnar sýrustig, heldur tönnum hreinum og stöðvar sýklaárásir á þær. **Extra** minnkar upptöku hitaeininga og dregur það úr streitu í amstri hversdagsins.

BON I-VER EKKI MIKLUM  
TÍMA Í AÐ GREIÐA SÉR



# Reis frá lág- punkti til stjarnanna

Bon Iver er eitt af aðalnöfnum Roskilde Festival þetta sumarið. Monitor rýndi í sögu þessarar hljómsveitar og aðalvítamínsprautu hennar, Justin Vernon.

## Vildi vera einn á köldum stað

Bon Iver, sem er stofnuð og drifin áfram af Justin Vernon, hlaut heimsfrægð eftir útgáfu fyrri „hljóðversbreiðskífu“ hljómsveitarinnar, For Emma, Forever Ago, sem kom út í febrúar 2008. Platan skók gjörvalla tónlistarheiminn og komst á hina ýmsu lista yfir bestu plötur síðastliðins áratugar en það var ekki síður merkileg forsaga plötunnar sem heillaði.

### Ævintýrið byrjaði á lágpunkti lífsins

Tilurð plötunnar hófst á lágpunkti ævi Justin Vernon. Honum hafði verið sagt upp af kærastunni, hljómsveit hans til margra ára hafði nýsplundrast og hann var plagaður af einkimisótt. Í von um að ná áttum sneri hann aftur til sinna heimaslóða og fékk að dvelja í afskekktum sumar-kofa í eign föður hans. Að eigin sögn langaði hann að vera í einrúmi á köldum stað. Tónlistarunnendur mega þó þakka fyrir að Vernon hafi fyrir tilviljun verið með upptökubúnað með sér í för því í einverunni fæddist fljótlega sægur af lögum sem hann tók upp einn síns liðs í þessum sumarkofa. Niðurstaðan varð plata, sem hann hugsaði sem prufuupptök og hugðist ekki einu sinni gefa út. Eftir að vinir og vanda-menn hvöttu hann til útgáfu framleiddi hann 500 eintök af plötunni með kofaupptökunum. Skömmu síðar gripu fáeinir tónlistarbloggsíður plötuna á lofti og lofsungu hana sundur og saman og upp frá því hófst ævintýri Bon Iver sem enn sér ekki fyrir endann á.

### Yfirgefninn dýraspítali

Þess má til gamans geta að seinni hljóðversbreiðskífa (ef hljóðversbreiðskífur skyldi kalla) var tekin upp í yfirgefnum dýraspítala sem Justin Vernon og bróðir höfðu fest kaup á og innréttað sem hljóðver. Því verður óneitanlega spennandi að sjá hvar næsta breiðskífa þessa snillings verður hljóðrituð.



NAMMI-NAMM,  
GRAMMY-GRAMM

### BON IVER

Stofnuð: 2006.  
Uppruni: Bandarísk.  
Meðlimir: Justin Vernon, Sean Carey, Michael Noyce, Matthew McCaughan ásamt fleirum.  
Hljóðversbreiðskífur: For Emma, Forever Ago (2008), Bon Iver (2011).

## Besti vinur Kanye West

Það er líklega ágætismælikvarði á það hvort þú hafir „meikað það“ eða ekki í tónlistarbransanum ef þú hefur starfað með Kanye West. Justin Vernon, forspraki Bon Iver, getur víst státað sig af því en hann West fékk hann til að syngja inn á tvö lög á síðustu sólóplötu sinni. Gjörólíkt Kanye West er Justin Vernon þekktur að vera mjög hógvær og lítillátur en að sögn þess síðarnefnda kom þeim mjög vel saman. „Ég lærði margt af því að fylgjast með Kanye vinna og er mjög þakklátur fyrir að hafa fengið tækifæri til þess að vinna með honum. Hann er opinskár og þess vegna kann ég að meta hann. Hann er listamaður og hann myndi aldrei gefast upp á góðri hugmynd vegna einhverra utanaðkomandi ástæðna,“ sagði Vernon í samtali við kanadíska útvarpsþáttinn Q.

### Vernon ver Kanye

Í viðtalinu ber alræmda yfirlýsing Kanye West frá MTV-verðlaunum árið 2009 á góma. „Ég verð aðeins að fá að verja Kanye í þessu máli af því að ég kann svo að meta hann. [...] Það gleymist oft að nefna að hann hafði á réttu að standa. Myndbandið hennar Beyoncé var besta myndband áratugarins,“ sagði Vernon á léttum nótum og uppskar lófatak áhorfenda. Þó bætti hann við að auðvitað hefði aðferð Kanye West til að koma þessum punkti til skila verið dónaleg og að West viti upp á sig sökina.

VERNON VILDI VERA „IN A COLD PLACE, ALONE“  
OG TÓK SVO UPP MYNDBAND VIÐ JÖKULS-„ALONE“



Mynd/Omar

## „Íslandsvinur“?

Síðastliðið haust gaf Bon Iver út tónlistarmyndband við lag sitt Holocene sem tekið var upp á Íslandi. Myndbandið var að miklu leyti tekið upp við Jökulsárlón og öðrum stöðum þar sem íslensk náttúrufrægur nýtur sín í botn. Með aðalhlutverk í myndbandinu fer hinn sjö ára gamli Skagadrengr, Helgi Rúnar Bjarnason en myndbandinu var leikstýrt af Nabil Elderkin sem einnig hefur unnið með tónlistarmönnum eins og Kanye West, Frank Ocean og Bruno Mars. Íslenskir aðdáendur hljóta að krossleggja fingur um að útkoma þessa glæsilega myndbands veki frekari áhuga Justin Vernon og félaga á að heimsækja land og þjóð, til dæmis í þeim tilgangi að halda hér tónleika.



# SUMARLEIKUR

# SÉÐ OG HEYRT!

Í sumar ætlar Séð og Heyrt að fara af stað með skemmtilegan sumarleik

Það eina sem lesendur þurfa að gera er að svara 3 laufléttum spurningum úr blaðinu og senda inn á [sumarleikur@sedogheyrt.is](mailto:sumarleikur@sedogheyrt.is) ásamt nafni og símanúmeri.

Í hverri viku verða dregnir út **10 VINNINGSHAFAR** sem geta unnið glæsilega vinninga. Meðal vinninga er:

Farmiðar með WOW air til Varsjá, Berlín, London eða Köben  
Mánaðarkort í Baðhúsið • Mánaðaráskrift að SkjáEinum  
Pizzur af matseðli og gos frá Eldofninum • Amino Energy- fæðurbótarvörur frá Perform.is  
Pizza frá LaLuna (Take Away) • Fimmtudagsbombur/tímakort frá Skemmtigarðinum  
Ævintýra-minigolf frá Skemmtigarðinum • Flottar sumarvörur frá Byggt og búið  
Hvalaskoðunarferð fyrir tvo með Hvalalíf • Sjóstangaveiðiferð fyrir tvo með Hvalalíf  
Pakningar af Fanta • Opnir bíomiðar frá Myndform  
Miðar á ákveðnar sýningar Borgarleikhússins • Árskort fyrir einn í Borgarleikhúsið  
Allskyns ilmir og snyrtivörur frá Terma

Einu sinni í mánuði verður dregið úr öllum innsendum svörum og einn mjög heppinn þátttakandi getur unnið flugmiða fyrir tvo með WOW air.

GLÆSILEGIR  
VINNINGAR!

Vinningshafar verða birtir í Séð og Heyrt í allt sumar.



bygggtogbúið

GIORGIO ARMANI

YVES SAINT LAURENT

DIESEL

LANCÔME



**KRONKRON**  
KJÓLL 14.900  
BELTI 3.900  
SOKKABUXUR 9.500

# Litagleði á Laugaveginum

Þegar sumarið er handan við hornið fyllast búðirnar af fallegum og litríkum flíkum. **Stíllinn** kíkti í nokkrar vel valdar búðir á Laugaveginum og kynnti sér það helsta sem verður í boði þetta sumarið.

**ROKK OG RÓSIR**  
JAKKI 17.900  
STUTTBUXUR 7.900  
BLÚNDU-SKYRТА 5.900



**DÓTTURFÉLAGIÐ**  
KJÓLL 10.990  
HÁLSMEN 4.990  
LEDURJAKKI 29.990



**DÚKKUHÚSIÐ**  
KJÓLL 9.990  
HJÓLABUXUR 6.990  
HÁLSMEN 2.990  
SKÓR 9.990



**SPÚTNIK**  
KJÓLL 10.500  
VESTI 5.700

# Tískufyrirmyndin **Kate Bosworth**

Kate Bosworth er fædd 2. janúar 1983. Hún hóf leikferil sinn aðeins 14 ára gömul en skaust snögglega upp á stjórnheimininn eftir að hún lék í myndinni Blue Crush árið 2002. Kate er ekki síður fræg fyrir klæðaburð sinn en leiklistina, en hún er með frábæran persónulegan stíl og er fastur meðlimur á öllum helstu listum yfir best klæddu konur heims. Stíllinn tók saman nokkrar myndir sem sanna að Kate er óaðfnnanleg til fara hvert sem tilefnið er.



Í CHANEL-PARTÍ



Á TÍSKUVIKU Í LONDON



Á FENDI-TÍSKU-SÝNINGU Í KÍNA MEÐ SJÁLFUM KARL LAGERFELD



Í LOS ANGELES Á FRUMSÝNINGU MEÐ VINKONU SINNI CHLOE SEVIGNY



Í TÍSKUPARTÍ Í MOSKVU



Á FREMSTA BEKK Á THAKOON MEÐ RITSTJÓRA BANDA-RÍSKA VOGUE, ÖNNU WINTOUR



Í KJÓL FRÁ PRADA Á HINU FRÆGA COSTUME INSTITUTE GALA



Á COLDPLAY-TÓNLEIKUM

# Komst inn í draumanámið



**UGLA FLAUG INN Í KVIKMYNDAEILDINA**

Verk Uglu má sjá á [www.uglahauks.com](http://www.uglahauks.com)

**Ugla Hauks** er ung hæfileikakona á uppleið. Hún hefur vakið mikla athygli fyrir ljósmyndir sínar og einnig fyrir stuttmyndina **Veru** sem sýnd var á **RIFF** í fyrra. Ugla komst nýlega inn í kvikmyndadeild hins virta Columbia-háskóla í **New York**, þar sem hún er búsett.

**Hvers vegna fluttir þú til New York?**

Það var fyrir fimm árum þegar ég komst inn í The Cooper Union sem er einn virtasti listaháskóli Bandaríkjanna. Ég fékk fullan skólalystyrk frá skólanum og útskrifaðist með BFA-próf í sjónlistum síðastliðið vor. Í skólanum lagði ég áherslu á tilraunakennda stuttmyndagerð og ljósmyndun. Á lokaárinu dreymdi mig draum sem varð kveikja að stuttmyndinni minni Veru, en ég skrifaði, leikstýrði og klippti myndina. Myndin fékk kvikmyndaverðlaun skólans, The Robert Breer Film Award og var síðan frumsýnd á Íslandi á RIFF í fyrra.

**Hvað ert þú að bralla þessa dagana?**

Ég vinn sem stendur fyrir kvikmyndagerðarmann sem heitir Jeffrey Perkins. Verkefnið sem við vinnum að er heimildarmynd um George Maciunas, stofnanda hinnar róttæku Fluxus-listastefnu sem var mest áberandi um 1960. Það hefur verið mér mikill innblástur að vinna að þessu verkefni þar sem ég er að klippa saman viðtöl við þekktu listamenn eins og Yoko Ono, Jonas Mekas og Henry Flynt. Myndin verður svo frumsýnd í haust.

**Átt þú þér einhverjar fyrirmyndir í kvikmyndabransanum?**

Ég hef mikinn áhuga á tengslum sálfræðilegra kenninga og kvikmyndagerðar. Kvikmyndir geta búið til sýn fyrir það sem við sjáum ekki og geta þær því opnað dyr inn í hugarheim fólks og gefið auga fyrir þá drauma, óra og erfðleika sem þar búa. Ég tel að kvikmyndagerðarmenn eins og Ingmar Bergman, David Lynch og Tarkovsky hafi nýtt

sér listform kvikmyndarinnar til að sýna hvað býr undir yfirborðinu. Þeir eru, auk margra annarra, kvikmyndagerðarmenn sem ég lít mikið upp til.

**Nú ert þú komin inn í mastersnám í kvikmyndagerð við Columbia. Hvers vegna valdir þú kvikmyndun fram yfir ljósmyndunina?**

Þegar ég gerði Veru fann ég fyrir brennandi löngun í að fara út í kvikmyndagerð og þess vegna ákvað ég síðasta haust að sækja um nám í kvikmyndaleikstjórn og handritsgerð við Columbia og New York University. Báðir skólarnir buðu mér skólavist en Columbia og kennararnir þar höfðuðu meira til mín, auk þess var mér boðinn hár skólalystyrkur. Ég hafði alltaf haldið að ég myndi hallast meira að ljósmynduninni en upplifunin við að leikstýra Veru vakti hjá mér nýja ástríðu. Það er eitthvað stórmerkilegt við það að sjá persónur sem urðu til í ímyndun manns vakna til lífsins. Ég mun hins vegar aldrei hætta að taka ljósmyndir. Enda er líka best að geta gert bæði.

**Er ekki rosalega erfitt að komast inn í svona virtan skóla?**

Það er mikil samkeppni um að komast inn í Columbia og er ég stolt að feta í fótspor annarra Íslendinga sem hafa farið í gegnum þetta nám. Það er líka einstaklega gaman að sjá að forráðamenn kvikmyndadeildarinnar virðast hafa mikinn áhuga á íslenskri kvikmyndagerð. Auk þess er skólinn með gott orðspor og vona ég því að hann geti opnið dyr inn áhugaverða framtíð.

**Buy your ticket at [roskilde-festival.com](http://roskilde-festival.com)**

**ROSKILDE FESTIVAL 2012**  
5 – 8 JULI / WARM-UP 30 JUNI – 4 JULI

**BJÖRK/ISL BON IVER/US THE CURE/UK MEW/DK THE ROOTS/US**  
**BRUCE SPRINGSTEEN & THE E STREET BAND/US JACK WHITE/US**

**AMADOU & MARIAM/MALI APPARATJIK/INT BEHEMOTH/PL RUBÉN BLADES/PAN THE CULT/UK SIVERT HØYEM/N**  
**PAUL KALKBRENNER/DE ALISON KRAUSS & UNION STATION feat. JERRY DOUGLAS/US M83/FR MAC MILLER/US**  
**MACHINE HEAD/US MAGTENS KORRIDORER/DK MALK DE KOIJN/DK JANELLE MONÁE/US NASUM/S LEE RANALDO/US**  
**REFUSED/S SANTIGOLD/US THE SHINS/US SPLEEN UNITED/DK LARS WINNERBÄCK/S WIZ KHALIFA/US**

120 DAYS/S THE ABYSSINIANS/AM ADDISON GROOVE/UK ALABAMA SHAKES/US THE ALAEV FAMILY/ISR/IL SAM AMIDON/US AMSTERDANCE feat. JESSE VOORN, DENNIS CHRISTOPHER and SAM O'NEALL/NL ANALOGIK/DK ARAABMUZIK/US ARS NOVA/DK ASAP ROCKY/US BALOJI/CD BARONESS/US THE BARONS OF TANG/AUS BELLOWHEAD/UK BERNHOF/US BIG K.R.I.T./US BLITZ THE AMBASSADOR/GHA BLONDES/US	BOMBA ESTÉREO/COL BOWERBIRDS/US JAKOB BRO/DK CEREBRAL BALLZY/US DJ MILES CLERET/UK CLOCK OPERA/UK COLD SPECKS/CAN COMMIX/UK CONJUNTO ANGOLA 70/AGO COPENHAGEN COLLABORATION/DK CRIOLO/BRA MIKAL CRONIN/US CROWBAR/US DALGLISH/US DAUGHTER/UK DEAD SKELETONS/US DEVILDRIVER/US DJANGO DJANGO/UK DOMINIQUE YOUNG UNIQUE/US DRY THE RIVER/UK	EL PARAISO presents CAUSA SUI, EL PARAISO ENSEMBLE and PAPIR/DK ELEKTRO GUZZI/A EVIDENCE/US FIRST AID KIT/S NILS FRAHM/DE LES FRERES SMITH/FR FRIENDLY FIRES/UK GRIEVES & BUDO/US GURRUMUL/AUS H2O/US HANK3/US JULIA HOLTER/US HOSPITALITY/US I GOT YOU ON TAPE/DK JONATHAN JOHANSSON/S JUPITER & OKWESS INTERNATIONAL/CD KELLERMENSCH/DK KORALLREVEN/S KRIGET/S	LARSEN & FURIOUS JANE/DK LITURGY/US THE LOW ANTHEM/US MACKLEMORE AND RYAN LEWIS/US MAJOVCI GROUP/MKD MARTYN/NL THE MEGAPHONIC THRIFT/S MODESELEKTOR/DE R. STEVIE MOORE/US MOHAMMAD REZA MORTAZAVI/IRN MUTINY ON THE BOUNTY/LUX NIKI & THE DOVE/S OF THE WAND AND THE MOON/DK ONEOATRIX POINT NEVER/US ORQUESTA TÍPICA FERNÁNDEZ FIERRO/ARG	OWINY SIGOMA BAND/UK/KEN PENGUIN PRISON/US PERFUME GENIUS/US CELSO PIÑA/MEX KIMMO POHJONEN / SAMULI KOSMINEN and PROTON STRING QUARTET/FIN PRETTY LIGHTS/US PUNCH BROTHERS/US RANGLEKLODS/DK RED FANG/US ROCKWELL/UK ROVER/FR ROYCE DA 5'9"/US SAGE FRANCIS/US SHLOHMO/US SON PALENQUE/COL SPEKTORS/DK SPECTOR/UK SPOEK MATHAMBO/ZA STAFF BENDA BILILI/CD	DJ STATIC w/ TEMU, BLOOD SWEAT DRUM+BASS and GUESTS/DK SUICIDE SILENCE/US TALK NORMAL/US JØRGEN TELLER & THE EMPTY STAIRS feat. LAZARA/DK/BEL TER HAAR/DE TERAKAFT/MALI TODAY IS THE DAY/US THE TODDLA T SOUND/UK TOUCHY MOB/DE BOUBACAR TRAORÉ/MALI TRASH TALK/US TUNE-YARDS/US THE VACCINES/UK MAÍÁ VIDAL/FR WARBRINGER/US DANYEL WARO/REU WEDEATER/US YELAWOLF/US
--	---	--	--	---	--

WARM-UP 1 – 4 July (Apollo Countdown / Pavilion Junior)

ADRIAN LUX/S THE BEARDY DUFFS/DK BEASTIE RESPOND/DK BÄDDAT FÖR TRUBBEL/S CEREKLOTH/DK COPENHEAVY/DK DANGERS OF THE SEA/DK DEATHCRUSH/S DIG & MIG/DK  
THE ECHO VAMPER/DK ELOQ/DK F.O.O.L./S THE FREDERIK/DK FRENCH FILMS/IN FRITJOF & PIKANEN/S GHOSTIGITAL/SL GIRLSEEKER/DK GOVERNOR OF ALASKA/DK HELSINKI  
POETRY/DK ICONA POP/S INDIANS/DK DAWDA JOBARTEH/GAM/DK KESI/DK KHALAZER/DK KLUMBEN & RASKE PENGE/DK SANDRA KOLSTAD/N KÚRA/ISL/DK LINKOBAN/DK MASH UP  
INTERNATIONAL/S NELSON CAN/DK NORTHERN STRUCTURES/DK REDWOOD HILL/DK RUM 37/DK MATHILDE SAVERY/DK SHINY DARKLY/DK SLENG/DK SLOWOLE/DK SPRUTBASS/S  
JULIUS SYLVEST/DK TEAM ME/S ULIGE NUMRE/DK SOFFIE VIEMOSE/DK VAAGSBYGD HANDY/S WAR FOR YOUTH/DK/S

Go on a life-changing journey full of music, art installations and events.  
Breathe in the international atmosphere and stuff up on alternative gastronomy.  
Roskilde Festival is an experience out of the ordinary.

**roskilde-festival.com**

Watch the orange feeling



RAUDA SKYRTAN FER ÞESSUM MEL MJÖG VEL

FRUMSÝNINGAR HELGARINNAR

# How I Spent My Summer Vacation

Mel Gibson leikur eilífðarglæpamann, sem er handtekinn við mexíkósku landamærin eftir bankarán. Hann er settur í mexíkóskt fangelsi þar sem hann lærir að lifa við mjög hættulegar aðstæður. Hann fær hjálp frá 9 ára gömlum strák sem kennir honum eitt og annað innan fangelsismúranna. Einnig reynir hann að endurheimta ránsféð frá spilltum löggreglumönnum sem handtöku hann en til þess þarf hann að vingast við aðalglæpaforingja fangelsisins og setja upp

**Leikstjóri:** Adrian Grunberg.  
**Aðalhlutverk:** Mel Gibson, Peter Stormare og Dean Norris.  
**Lengd:** 95 mínútur.  
**Aldurstakmark:** Bönnuð innan 16 ára.  
**Kvikmyndahús:** Smárabíó, Háskólabíó og Borgarbíó Akureyri.

flókið og hættulegt plott. Einnig reynir hann að bjarga stráknum og mömmu hans undan glæpaklíku fangelsisins því foringinn ætlar að nota strákinn sem líffæragjafa fyrir sig. Yfirvofandi er innrás sérsveita lögreglu og hers til að hreinsa fangelsið af spillingu og glæpum. Tíminn er ekki mikill og hættur leynast víða en glæpamennirnir svífast einskis í fangelsinu þar sem fangaverðir eru spilltir og líta undan eða jafnvel taka þátt í glæpunum.

TÖLVULEIKUR



**Prototype 2**  
**Tegund:** Hasarleikur  
**PEGI merking:** 18+  
**Útgefandi:** Activision  
**Dómar:** Gamespot 7,5 af 10 / IGN 7 af 10 / Eurogamer 7 af 10

## Stál og hnífur

Vinsældir leikja þar sem leikmenn geta vaðið um frjálsir á stóru landsvæði hafa aukist mikið síðustu ár, sérstaklega eftir gott gengi Assassins Creed-, inFamous- og Grand Theft Auto-leikjanna. Prototype 2 er gott dæmi um slíkan leik. Enn og aftur hefur Blackwatch-fyrirtækið hent í gang hinum illvíga Blacklight-vírus og hefur stór hluti New Yorkborgar smitast. Meðal fórnarlamba eru kona og dóttir hermansins James Heller. Þetta fer illa í James og mætir hann dýrvitlaus til borgarinnar og ætlar sér að ganga frá öllum þeim sem standa á bakvið vírusinn. Inn í söguþráðinn blandast Alex Mercer, aðalsöguhetja fyrri leiksins og fleiri persónur, bæði nýjar og gamlar.

**Leikvöllur hinna villtustu drauma**

Prototype 2 er þriðju persónu hasarleikur sem minnir um margt á Assassins Creed- og inFamous-leikina. Hér geta leikmenn vaðið frjálst um New York, en búið er að skipta borginni upp í þrjú svæði. Það er nánast allt mögulegt og leikurinn er nokkurs konar leikvöllur þar sem þú getur látið þína villtustu drauma rætast. Stærstu verkefni leiksins snúast um að fleyta sögunni áfram og ganga þau meðal annars út á að finna menn og drepa, elta einhver dýr, berjast við risastór stökkbreytt kvikindi og margt fleira.

Stýringar leiksins eru mjög öflugar og gera það að verkum að það er auðvelt að ferðast um borgina, en leikmenn geta hlaupið upp allar byggingar og framkvæmt allskyns parkour-æfingar. Ofan á leikfiminna bætist svo við hellingur af vopnum, en Heller-inn fær allskyns hnífa og klær þegar líður á leikinn ásamt fleiri yfirmátturulegum kröftum sem hann notar miskunnarlaust á óvini sína eða saklausa vegfarendur. Það er hreinlega hægt að rústa flestu í umhverfi leiksins og getur okkar maður rífið upp flesta hluti úr umhverfinu og kastað þeim í átt að óvinum sínum og eru þar með taldir bílar, skúrar og ýmislegt fleira.

**Grafíkin svíkur engan**

Grafíkin í Prototype 2 er mjög góð og minnir um margt á inFamous-leikina. Sama má segja um tónlist og hljóð leiksins en hvoru tveggja eru gerð góð skil. Ég mæli sterklega með Prototype 2-leiknum við alla þá sem hafa gaman af því að rústa í kringum sig og á sama tíma upplifa spennandi sögu, öflug vopn, svala aðalpersónu og endalaust fjör.



ÓLAFUR ÞÓR JÓELSSON



ÞYRLA Í BARÁTTU VIÐ STÖKKBREYTT KVIKINDI

# kvikmyndir

„Ég er öryrki. Ekki af því að ég yrki hratt.“  
**Englar alheimsins (2000)**



THOR-IR ÞÚ Í ÞESSA TVO?

KVIKMYND

## Þessa verður erfitt að toppa

Hver hefur ekki velt því fyrir sér hvor sé sterkari, Captain America eða Iron Man? Thor eða Hulk? The Avengers svarar einhverju af þessu en hún er fyrst og fremst frábær kvikmynd sem stendur undir öllum væntingum. Sagan er einföld. Loki, bróðir Thor, ætlar sér heimsyfírráð með því að koma með sinn einkaher til jarðarinnar. Ef The Avengers hætta ekki að rífast og metast innbyrðis mun allt fara til fjandans. Joss Whedon er leikstjóri myndarinnar og skrifar hann einnig handritið ásamt Zak Penn. Þeir standa sig báðir frábærlega því myndin er full af góðum húmor og mögnuðum atriðum. Þó svo The Avengers fari frekar hægt af stað er hún nákvæmlega það sem hún á að vera. Frábær skemmtun með miklum húmor og algjör veisla fyrir nördinn sem býr innra með okkur öllum.



**Hulk stelur senunni**

Allir leikarar standa sig virkilega vel og fer þar Robert Downey Jr. fremstur í flokki. Mark Ruffalo er einnig mjög góður sem Hulk og ég er ekki frá því að hann hreinlega steli senunni. Þó svo að Scarlett Johansson og Jeremy Renner búi ekki yfir neinum ofurkröftum gefa þau samt ekkert eftir og skila sínu mjög vel. Chris Hemsworth leikur hinn grjótharða Thor. Ég var nú ekkert voðalega hrifinn af Thor-myndinni en Hemsworth er engu að síður geggjáður í þessu hlutverki. Að lokum er það svo Chris Evans en hann leikur Captain America. Hann er einnig virkilega flottur og það væri fróðlegt að vita hvað Hemsworth og Evans voru að borða fyrir þessi hlutverk. Þvílík kjötstykki. The Avengers er klárlega ein besta ofurhetjumynd sem komið hefur út. Ég mæli eindregið með henni en mikið rosalega hefði verið gaman ef Stan Lee hefði einnig búið til Batman.



TÓMAS LEIFSSON

THE AVENGERS



GÓÐ SAMSKIPTI Í YFIR 30 ÁR

## Prentum ritgerðir

**Bjóðum frábært verð fyrir skólafólk!**

**Verðdæmi:**  
 Innbundin 40 síðna ritgerð með harðri kápu **kr. 1.870\***

Sendu okkur ritgerðina á [prent@samskipti.is](mailto:prent@samskipti.is) og þú færð skjóta og góða þjónustu.

\*Miðað við að ritgerðin komi tilbúin til prentunar í pdf formati.

**SAMSKIPTI**  
 prentlausnir fyrir skapandi fólk

Síðumúli 4, 108 Reykjavík | [samskipti.is](http://samskipti.is)

**SUMIR ÞOLA EKKI  
LYFTUTÓNLIST**



★★★★★  
**OLDBOY**

**SVARTHÖFÐI.IS** ...gagrýnir úr bunkanum

## Sjónrænt listaverk

**G**læpamyndin Old Boy frá Kóreu sló í gegn árið 2003 og hugmyndir um ameríska endurgerð hafa lengi verið á sveimi. Spike Lee ætlar sér að klára það verkefni og ef að líkum lætur mun Josh Brolin leika aðalhlutverkið á móti Christian Bale sem fer með hlutverk illmennisins. Svarthöfði sér því ástæðu til þess að rifja aðeins upp skelfilegar hremmingar Oh Dae-Su.

**Þ**egar Oh Dae-Su er á fyllirni er honum rænt. Hann rankar við sér í ókunnri íbúð og kemst fljótt að því að hann er lokaður inni í snyrtilegu fangelsi. Sjónvarpið er eini tengiliður hans við umheiminn og í fréttunum kemst hann að því að eiginkona hans og dóttir hafi verið myrtar og hans sé leitað enda grunaður um verknaðinn.

**Í**búðin verður heimili Dae-Su í fimmtán ár en tímann notar hann til að undirbúa flóttu og reyna að finna út hver það er sem hefur gert honum þennan óleik.

Listinn sem hann gerir yfir óvini sína er langur en enginn virðist þó geta átt svo margt sökótt við hann að hefndin gæti falist í því að svipta hann fjölskyldunni og lífinu, án þess að drepa hann.




Þetta er mynd sem maður á að upplifa. Myndatakan er brjálæðislega stílfærð og miklir fimleikar eru leiknir með tókuvélinni. Þá er þess alltaf gætt að passa upp á töfð, sem lekur nánast af hverjum ramma. Sagan sjálf er líka í meira lagi bitastæð og

átakanleg en það syrtir stöðugt í álinn eftir því sem Dae-Su kemst nær óvildarmanni sínum og sameiginlegu leyndarmáli þeirra sem á rætur í æsku þeirra. Það verður ekki af Asímönnum tekið að þeir kunna öðrum fremur að búa til svarar hasarmyndir sem eru keyrðar áfram af tilfinningum og stílfærðu ofbeldi.

**O**ld Boy er með því besta sem hefur komið úr þessari átt lengi, hressileg tilbreyting frá hefðbundnum spennumyndum. Þetta meistarastykki frá Kóreu er fantavel leikið, fullt af stílfærðum slagsmálum og krassandi ofbeldi. [www.svarthofdi.is](http://www.svarthofdi.is)

**D**ae-Su er svo skyndilega sleppt eftir fimmtán ár í þrúundinni. Þá brýst út fimmtán ára heift og reiði hans fram í trylltum hefndarþorsta þegar hann leitar logandi ljósi að ósýnilega fangaverðinum sínum. Honum verður fljótt ágengt í leitinni og lendir upp á kant við alls konar illþýði í einhverjum mögnuðustu slagsmálaatriðum síðari ára þar sem uppsöfnuð reiðin gefur honum ofurmannlega krafta sem maður efast einhvern veginn ekkert um að þessi undarlegi maður geti búið yfir.

**O**ld Boy er sjónrænt listaverk og það borgar sig því í raun að segja sem minnst um hana.



Lendir  
**15. maí**

**VILTU VINNA EINTAK?**



**SENDU EST DB3 Í NÚMERIÐ 1900. ÞÚ FÆRÐ SPURNINGU OG SVARAR MEÐ ÞVÍ AÐ SENDA SMS SKEYTIÐ EST A, B EÐA C Á NÚMERIÐ 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!**

**GEGGJADIR AUKAVINNINGAR!**

**TÖLVULEIKIR - DVD - GOS O.FL.**

VINNINGAR AFHENTIR Í ELKO LINDUM. 199 KR/SKEYTIÐ. MEÐ ÞVÍ AÐ TAKA ÞÁTT ERTU KOMINN Í SMS KLÚBB.

**9. HVER VINNUR!**  
FJÖLDI AUKAVINNINGA



**AFMÆLIS TILBOÐ**

GILDIR TIL 13. MAÍ



**5** ára gamalt verd!

16" Pizza  
2 áleggstegundir  
ostabraudstangir  
2 L Pepsi

**1990**

16" Pizza  
2 áleggstegundir

**1290**

gildir eingöngu ef sótt er



ATH! opið til kl. 01 um helgar í Gnoðavogi

Gnoðavogi 44  
Ananaustum 15  
Eddufelli 6

**581 15 15**



TONLIST, KYRKYNDIÐ, SJÓNVAÐ, LEIKIÐ, LISTIÐ, DRÖTTIR, MATUR OG ALLT ANNAD

**HVAÐ ER TÍTT?**

Nafn: Þorvaldur Davíð Kristjánsson.  
 Á forsíðu: 17. júní 2011.  
 Fyrirsögn viðtals: Næstum því eins og í bímynd

Það er allt ljómandi fint að fréttu. Var að koma heim til Íslands frá Kaliforníu. Ástæða heimakomu er lokabátturinn í Háfleikakeppni Íslands. Annars er þó nokkuð síðan ég var á Monitor og margt búið að gerast síðan. Kominn með háskólapróf, búinn að leika aðalhlutverk í fyrstu bímyndinni minni, fluttur í sólina, kominn með umba og er núna á leiðinni í stúdíó með Johnny Ragg og Krilla Stull að taka upp nýtt lag sem ég samdi með félagamínunum frá Ameríku. Og svo eru nóg af verkefnum framundan í leiklistinni. Er því bara sáttur með lífið og tilveruna. Ætla reyna vera á Íslandi mikið í sumar. Rækta andann og sinna vinum og fjölskyldu.



**LOL-MAIL MONITOR**

30. apríl 2012 16:55  
 til: Helga Margrét Þorsteinsdóttir

Sæll Helga Margrét!  
 Í síðasta blaði skoraði Auðunn Jónsson kraftakappi á þig í LOL-mailinu. Splæstu í einn brandara, takk.

- Jón Ragnar

Guðrún Gróa systir mín var úti að keyra þegar lítill smáflugl flaug fyrir bílinn og lét lífið framan á grillinu á bílnum. Guðrún hefur lengi verið mjög hrædd við fugla og var alveg ráðþrota þar sem hún gat engan veginn fengið sig til þess að losa fuglshræðið og halda ferð sinni áfram. Hún hringdi því grátandi heim í mömmu sem var þá stödd í nokkur hundruð kílómetra fjarlægð og í erfiðri stöðu til þess að leysa þessi miklu vandráði. Lendingin varð þó sú að mamma hringdi í lögregluna sem nýlega hafði keyrt fram hjá Guðrúnu og bað þá um aðstoða þessa „hugrökku“ dóttur sína. Að sjálfsögðu sneri lögreglan við og losaði greyið fuglinn svo að Guðrún gat haldið ferð sinni áfram.

Ég skora á Guðrúnu Gróa Þorsteinsdóttur, systur mína og kraftlyftingakempu til þess að svara fyrir sig!

**LOKAPRÓFIÐ**

3. maí 2012 | MONITOR skólinn

Ég heiti Óli

Þú veist hver ég er af því að ég er alltaf í Monitor

Það að vinna Morfís og Gettu betur á sama árinu er  
 a) eins og að vinna Evrópumeistararamót í snóker og Ólympíuleikana í pílukasti.  
 b) jafnnett og þegar ég vann í fiskinum á Þorlákshöfn síðasta sumar.  
 c) náttúrulega algjör snilld og staðfestir það að ég sé snillingur.  
 d) bara rokk

Það að halda með KR og Liverpool a) á það til að rugla mig í ríminu því KR gengur vel en Liverpool er í ruglinu.  
 b) var nett þar til Manchester United komst yfir Liverpool í Englandsmestaratitlum.  
 c) er ég nettt líka nettt en það er snilld að halda með Minnesota Timberwolves í NBA.  
 d) \_\_\_\_\_

Ef ég mætti velja mér einn úr Morfís-liðinu og einn úr Gettu betur-liðinu til að festast með í lyftu myndi ég velja  
 a) Kára Þrastarson  
 b) Eygló Hilmarsdóttur  
 c) Jóhann Pál Jóhannsson  
 d) Stefán Kristinsson  
 e) Jón Áskell Þorbjarnarson  
 af því á þau er ilma eins og blóm

Ég var einu sinni í rapphljómsveit sem bar nafnið White Nigga Crew WNC  
 Ef ég fíla einhvern gaur kalla ég hann einfaldlega king  
 en ef ég aftur á móti fíla ekki einhvern gaur kalla ég hann ning  
 Ég er mikið á Twitter og uppáhalds-„hashtaggið“ mitt þessa dagana er #NáFimmtaBekkt2012

Eiginhandararitunin mín lítur svona út:  
@kjamanden

Ef ég væri ekki Ólafur Kjara Arnason myndi ég helst vilja vera

- a) Ólafur Stefánsson, handknattleiks-góðsögn
- b) Ólafur Ragnar Grímsson, forseti lýðveldisins
- c) Ólafur Haukur Símonarson, leikskáld
- d) Ólafur Arnalds, tónsmiður
- e) \_\_\_\_\_

af því að við erum semí sami maðurinn inni á vellinum

Ég kann ekki vel við  
 a) að drekka gos (stingur)  
 b) fólk sem er með kjaft  
 c) þrófatörnina í MR  
 d) hráan mat  
 e) hesta  
 vegna þess að þetta er allt frekar ógnvekjandi

Ég hlusta mest á good tónlist en ég held

- mest upp á
- a) Bítlana
- b) The Doors
- c) Kanye West
- d) Shania Twain
- e) akkúrat núna og ég myndi drekka gos á hestbaki til að fá að borða hádegismat með þeim á vel völdu Eddu-hóтели.

Það sem ég er að hugsa ákkúrat núna er hvað mig langar meeget að falla eftir prófi

- Eftir MR ætla ég að
- a) flytja til Noregs.
- b) finna upp einhverja snilld og verða milljónamæringur.
- c) flytja til Los Angeles og verða handritshöfundur.
- d) verða svona „stjórnuhagfræðingur“

Síðasta sms sem ég fékk var frá Jóhanni Íslands og í því stóð: „Ég ætla í hungur-verkfall uns skaltgrímur og Jóhanna verða drögin fyrir Landsdóm.“ Ef ég mætti gera Facebook-status sem allur heimurinn sæi myndi ég skrifa

ÉG ÞRÁI FOLLOWERS  
 (á twitter sem sagt hehe :))




**VEL GERT**

Sif Traustadóttir

Það eru svo margir sem eiga skilið hrós fyrir eljusemi og hugrekki. Ein af þeim er án efa Sif Traustadóttir, dýralæknir og nýkjörinn formaður Dýravernðarsambands Íslands. Hún á svo sannarlega skilið hrós fyrir að

vekja athygli á óviðunandi aðbúnaði dýra, iðnaðarbuskap og gæluþræverk-smiðjum. Sif hefur leitt mikilvæga og síðfræðilega

umræðu af málefnalegri gagnrýni, þekkingu og hugþryði og vakið samfélagið til umhugsunar og vitundar um að saman getum við gert heiminn að betri stað. Kristín Helga



LOGI PEDRO

**ÉG HEF ALDREI**

...farið í ökutíma eða keyrt bíl, er of mikil miðbæjarrotta til þess að nenna að þæla í því einu sinni! Svo er alltaf jafnlétt að plata félagana úr Garðabænum til þess að skutla manni eitthvert. 1

...lært á gítar af viti. Ég kann reyndar fullt af Kings of Leon-lögum og spila þau í gríð og erg þegar enginn sér til. 2

....farið til Angóla. En ég verð að fara þangað einn daginn. Helst áður en ég gleymi portúgölskunn. 3

...drukið mjólk. Hef reyndar smakkað hana og líkaði illa. Eins skringilega og það hljómar þá get ég reyndar alltaf fengið mér mjólk með morgunkorninu. 4

...lesið Harry Potter. Reyndi við fyrstu bókinna á sínum tíma en það var lítill áhugi fyrir henni. 5

...farið í paintball. Er almennt mjög smeykur við byssur og aumingi í þokkabót. 6

**SÍÐAST EN EKKI SÍST**

► Myrra Rós, tónlistarkona, filmar

KVIKMYND: Æskan velur E.T. Svo finnst mér Amelie alltaf svo falleg en Drive var síðasta mynd sem sjarmaði mig. Eða Ryan Gosling sjarmaði, hann er svolítið heitur í þessum jakka.

ÞÁTTUR: Simpsons eru alltaf klassískir og allskonar glingur á Discovery og Animal planet.

BÓK: The Tao of Pooh, frábær bók. Góður boðskapur og Pooh og allir karakterarnir bara svo aðislegir.



PLATA: Hefurðu tékkað á Low roar? Góð plata þar á ferð, ég fíla hana. Ryan er búsettur hér og ég mæli með því að kíkja á tónleika með honum.



VEFSÍÐA: Youtube? Ég fer þangað daglega oft á dag og gramsa í tónlist.



STAÐUR: Snæfellsnesið einsog það leggur sig og Seyðisfjörður. Sumar á báðum stöðunum eru guðdómleg og umhverfið svo fallegt.





## TÓNLISTINN

Vikan 26. apríl - 2. maí 2012

- 1 **Bubbi Morthens**  
Porpið
  - 2 **Of Monsters And Men**  
My Head Is An Animal
  - 3 **Mugison**  
Haglél
  - 4 **Adele**  
21
  - 5 **Chick Corea & Gary Burton**  
Hot House
  - 6 **Sigurður G og Sigríður Thorlacius**  
Ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands
  - 7 **Gus Gus**  
Arabian Horse
  - 8 **Valgeir Guðjónsson**  
Spilaðu lag fyrir mig
  - 9 **Chick Corea**  
Best Of
  - 10 **One Direction**  
Up All Night
- 11 **Ýmsir** Hot Spring: Landamannalaugar  
 12 **Helgi Björnsson** Íslenskar dægurperlu  
 í Hörpu 13 **Ýmsir** Pottþétt 56 14 **Saints Of**  
**Boogiestreet** Covered By 15 **Ýmsir** 100  
 vinsæl barnalög 16 **Úr söngleik**  
**Borgarleikhússins** Galdrakarlinn í Oz  
 17 **Helgi Júlíus Óskarsson** Kominn heim  
 18 **Sigur Rós** Inni 19 **Helgi Björns &**  
**reiðmenn vindanna** Riðum sem fjandinn  
 20 **Ýmsir** Einu sinni var / Út um græna  
 grundu 21 **Björgvin Halldórsson**  
 Gullvagninn 22 **Skálmöld** Baldur 23 **Ýmsir**  
 Söngvakeppni Sjónvarpsins 2012  
 24 **Leonard Cohen** Old Ideas 25 **Retro**  
**Stefson** Kimbabwe 26 **Valdimar** Undraland  
 27 **Sólstafr** Svartir sandar 28 **Lay Low**  
 Brostinn strengur 29 **Dikta** Trust Me  
 30 **Rökkurró** Í annan heim

\*Tónlistinn er unninn af Félagi hljómplötuframleiðenda og inniheldur sölutölur síðastliðinnar viku í verslunum Skifunnar, Hagkaupa, Pennans / Eymundssonar, 12 Tóna, Hörpu, Elkó, Smekkleysu plötubúð og á Tónlist.is.



## LAGALISTINN

Vikan 26. apríl - 2. maí 2012

- 1 **The Black Keys**  
Gold On The Ceiling
  - 2 **Fun / Janelle Monae**  
We Are Young
  - 3 **Bubbi / Mugison**  
Porpið
  - 4 **Ojba Rasta**  
Baldursbrá
  - 5 **Magni**  
Hugarró
  - 6 **KK**  
Frelsið
  - 7 **Alabama Shakes**  
Hold On
  - 8 **Gabriel, Valdimar og Opee**  
Stjörnuhröp
  - 9 **Michael Teló**  
Ai se eu te pego
  - 10 **Keane**  
Silenced By The Night
- 11 **Valdimar** Þú ert mín 12 **Tilbury**  
 Tenderloin 13 **Retro Stefson** Qween  
 14 **Lana Del Rey** Blue Jeans 15 **Nicki Minaj**  
 Starship 16 **Train** Drive By 17 **Carly Rae**  
**Jepsen** Call Me Maybe 18 **Magnús Þór /**  
**Jónas Sigurðsson** Ef ég gæti hugsana  
 minna 19 **SSSól / John Grant** Finish On  
 Top 20 **Grafík** Beljur - Geimverur  
 21 **Hjálmar** Eilíf auðn 22 **Hljómar** Þú og ég  
 23 **Of Monsters And Men** Six Weeks  
 24 **Florence & The Machine** Never Let Me  
 Go 25 **Childish Gambino** Heartbeat  
 26 **Úlfur Úlfur** Ég er farinn 27 **Kelly**  
**Clarkson** Stronger 28 **Temper Trap** Rabbit  
 Hole 29 **Alyssa Reid / Jump Smokers**  
 Alone 30 **Jason Mraz** I Won't Give Up

\*Lagalistinn er unninn af Félagi hljómplötuframleiðenda og inniheldur samantekt síðastliðinnar viku á mest spilaðum lögum á eftirtöldum útvarpsstöðvum: Bylgjan, FM95.7, Xíð 977, Rás 2 og Kaninn. Auk þess er tekið mið af sölu á Tónlist.is.

# Fyndið full-orðins frábært

**Sirkús Íslands** fagnar eins árs afmæli **Skinnssemi** í Þjóðleikhúskjallaranum laugardagskvöld

Sirkús Íslands hefur lengi sett upp vinsælar fjölskyldusýningar en vorið 2011 ákvað sirkúsinn að prófa að gera sýningu sem væri eingöngu fyrir fullorðna. Það gekk svo vel að nú eru haldin regluleg fullorðinssirkúskvöld sem kallast Skinnssemi, því þar er oft sýnt svo mikið skinn. Sýningin er kabarettssýning með sirkúsívaði, þar sem lagt er upp úr fullorðins-húmor. Innblástur er sóttur í burlesque- og vaudeville-sýningar þriðja og fjórða áratug-

arins, en formið var endurvakið á tíunda áratugnum í Bandaríkjunum.

Á afmælisýningunni verður boðið upp á fullt af nýjum atriðum auk uppáhaldsatriða aðstandenda frá liðnu ári. Aðgangseyrir er 2000 krónur en forsala aðgöngumiða verður í Þjóðleikhúskjallaranum, laugardaginn 5. maí á milli klukkan 14 og 16.

Húsið opnar svo kl. 21:30 með eldgleypi sem tekur á móti gestum.



Á SKINNSEMI ER OFT MIKIÐ SKINN

**blink**

Party in your pocket!

It's a party!  
It's a taste!  
It's a style!

Sykur-laust

www.blinkmints.com



**Jóhanna Björk Sveinsdóttir**

- Stúdent frá FSU 2008
- Viðskiptadeild, 1. ár
- Áhersla í námi: Markaðsrannsóknir
- Áhugamál: Íþróttir, sérstaklega körfubolti

**Haukur Freyr Gylfason**

- Aðjúnti við viðskiptadeild
- MSc í heilshagfræði og MA í sálfræði
- Sérsvið: Rannsóknaraðferðir og tölfræði

## Velkomin í framsækinn alþjóðlegan háskóla

Viltu skemmtilegt og spennandi nám? Viltu mæta sterkari út á vinnumarkaðinn? Viltu vinna með frábærum kennurum og taka þátt í öflugri rannsóknar- og nýsköpunarstarfi? Háskólinn í Reykjavík er framsækinn, alþjóðlegur háskóli með ótvíræða forystu í tækni- greinum, viðskiptum og lögum – lykilgreinunum fyrir öflugt atvinnulíf.

**OPIÐ FYRIR UMSÓKNIR TIL 5. JÚNÍ**



**HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK**  
SAMAN LÁTUM VIÐ HJÓLIN SNÚAST



[www.hr.is](http://www.hr.is)